

**503. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 18.
október 2016
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson (KHM) aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ) aðalmaður, Jón Örn Pálsson (JÖP) aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti kannaði lögmaeti funarboðunar. Engar athugasemdir voru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Dagskrá:

1. fundargerð_387_hafnasamband - 1609047

Fundargerðin er til kynningar.

2. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 20 - 1610003F

Tekin er til afgreiðslu fundargerð 20. fundar Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar frá 13 október. Fundargerðin er í tveimur liðum.

2.1 1610012 - Umsókn um byggingarleyfi - Súrefnistankar.

Erindi frá Jóni G. Magnússyni f.h. Bæjarvíkur ehf. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir vatns og súrefnistanki við seiðældisstöð fyrirtækisins að Eysteineyrum/Laxeldi landnr. 189788. Vatnstankurinn er 8m hár og súrefnistankurinn 12m að hæð. Erindinu fylgja uppdættir unnir af Hugsjón, dags. 03.10.2016. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps frestar afgreiðslu málsins þar sem umræddar byggingar eru utan deiliskipulags. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ræða við umsækjenda Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar Samþykkt samhljóða.

2.2 1610015 - Stækkun efnistökusvæðis í landi Norður-Botns.

Tekið fyrir erindi frá Nancy Rut Helgadóttur, dagsett 11. október 2016. Í erindinu er óskað eftir stækkun á efnistökusvæði 2 í landi Norður-Botns í Tálknafirði. Landið sem um ræðir er í eigu Arctic Smolt. Í gildi er framkvæmdaleyfi sem gefið var út á grundvelli Aðalskipulags Tálknafjarðar sem heimilar allt að 30.000 m³ efnistöku. Ekki er fyrirhugað að taka meira efni en það heldur er sótt um stækkun svæðisins síthvoru megin við núverandi efnistökusvæði um 10.000 m². Þar sem ekki er verið að fara fram á aukningu á magni þá rúmast efnistakan innan gildandi framkvæmdaleyfis. Bent er þó á að efnistaka á landi eða úr hafsbotni fellur í C-flokk ef svæðið raskar minna en 25.000 m². Framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki C í lögum um mat á umhverfisáhrifum skal tilkynna til viðkomandi sveitarfélags, sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli undirgangast umhverfismat. Ennfremur er bent á að framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu

*skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar*

3. Fræðslu-, menningar-, íþróttu-, æskulýðsnefnd - 13 - 1610002F

Fundargerðin er staðfest
Samþykkt samhljóða.

*Tekin er til afgreiðslu fundargerð 13. fundar Fræðslu-, menningar-, íþróttu-,
æskulýðsnefnd frá 11 október. Fundargerðin er í tveimur liðum.*

3.1 1608022 - Upplýsingargjöf skólustjóra

3.2 1610018 - Leikskólalóð

Wilhelm V. Steindórsson verkfræðingur var í síma og kynnti greinargerð og svaraði fyrirspurnum

4. Greinargerð um kosti hitaveituuppgjafarinnar í Tálknafirði. - 1610023

Wilhelm V. Steindórsson, verkfræðingur kynnti greinargerð um hitaveitu í Tálknafirði, þar sem þrjú kostir voru kynntir, þ.e. miðlæg varmadæla, varmadæla við hvert hús og frekari jarðhitaleit. Ákveðið var að skipa vinnuhóp vegna framhalds málsins og í honum verða: Jón Örn, Ásgeir og Kristinn. Þær skýrslur og greinargerðir sem liggja fyrir verða aðgengilegar á vef sveitarfélagsins.
Samþykkt samhljóða.

5. Snorraverkefnið óskar eftir stuðningi 2017 - 1610006

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.
Samþykkt samhljóða.

6. Vatnskaup af Tálknafjarðarhreppi - 1609044

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að skrifa undir framlagða viljayfirlýgingu vegna fyrirhugaðra vatnskaupa Amel Group.
Samþykkt samhljóða.

7. Tillaga að breytingum að Samþykktum Tálknafjarðarhrepps. - 1609041

Tekin er til síðari afgreiðslu tillaga að breytingum á Samþykktum um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

1. Að 7. grein samþykktanna verði breytt þannig: 1.málgrein: í stað orðanna "skal kjörtímabil þeirra vera sama og sveitarstjórnar" komi: "skal kjörtímabil þeirra vera eitt ár"

KHM lagði fram eftirfarnadi breytingartillögu: í stað orðanna "skal kjörtímabil þeirra vera eitt ár" kemur:

"skal kjörtímabil þeirra vera eitt ár og skal kosning vera á síðasta fundi fyrir sumarfrí sveitarstjórnar".

Breytingartillagan er samþykkt með fjórum atkv. einn á móti (JÖP)

2. Breyting á 1.málgrein 8. greinar: Í stað orðanna "Miðtúni 1" komi: "Strandgötu 38"
Samþykkt samhljóða.

- 8. Fundur stjórnar með sveitartjórn Tálknafjarðarhrepps. - 1610021**
Sveitarstjórn þakkar stjórn FSV fyrir fundarboðið og á fundinn mæta kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn.
- 9. Beiðni um að staðsetja loftnet á húsnæði grunnskóla Tálknafjarðar. - 1610020**
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en bendir umsækjanda á að skila inn teikningum til byggingafulltrúa.
Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara.
Samþykkt samhljóða.
- 10. Sameiginlegur Fjallskilasjóður Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. - 1610022**
Sveitarstjórn samþykkir að stofna sameiginlegan fjallskilasjóð með Vesturbyggð.
Er kostnaði vegna þess vísað til fjárhagsáætlunarvinnu ársins 2017.
Samþykkt samhljóða
- 11. Upplýsingagjöf sveitarstjóra. - 1309110**
Sveitarstjóri skýrði frá uppbyggingu á ljóðsleiðarasambandi í sveitarfélaginu. Nú er unnið að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs vegna ársins 2017. Vænst er að drög verði tilbúin fyrir íbúafund þann 5. nóvember.
Einnig skýrði sveitarstjóri frá innheimtu á útsvari hjá sveitarfélaginu það sem af er ári.
- 12. Sérstakt strandveiðigjald til hafna - 1610019**
Til kynningar.
- 13. Hunda og Kattahreinsun 10.10.2016 - 1610016**
Til kynningar.
- 14. Ársfundur Náttúruverndanefnda og Umhverfisstofnunar 10. nóv. 2016 - 1610013**
Til kynningar.
- 15. Fréttabréf Minjastofnunar 7/2016 - 1610011**
Til kynningar.
- 16. Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga - 1610008**
Til kynningar.
- 17. Hækkun mótframlags launagreiðenda í A deild Brúar lífeyrissjóðs - 1610003**
Til kynningar.
- 18. Ágóðahlutagreiðsla 2016 - 1609049**
Til kynningar.
- 19. Alþingiskosningar 29.10.2016 - 1609038**

503. fundur
18. október 2016

Til kynningar.

20. Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016/2017 - 1609017

Til kynningar.

21. Ráðning í starf menningarfulltrúa. - 1610024

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:11.

Indriði Indriðason (II)

Kristinn Hilmar Marinósson
(KHM)

Eva Dögg Jóhannesdóttir
(EDJ)

Jón Örn Pálsson (JÖP)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

Ása Jónsdóttir (ÁJ)
